

hreppsnefndar, enda hafi höfnin allar tekjur af vatnssölu þeirri, er fram fer við höfnina, að undanskildum framleiðslugjöldum sjávarafurða.

**15. gr.**

Skip, sem vatnsveitan hefur afhent vatn, má ekki, að viðlögðum sektum, fara af höfninni fyrr en vatnið er greitt, nema gjaldfrestur hafi verið veittur.

**16. gr.**

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað um allt að 50%, bæði einstaka liði og í heild, án staðfestingar ráðuneytisins.

**17. gr.**

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið. Gjaldldagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki, og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

**18. gr.**

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistarf í kaптúninu.

**19. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000.00 krónum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu, skal hann bæta það mati tveggja óvilhallra manna.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Patrekshrepps hefur samið og samþykkt. staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir vatnsveitu Patrekshrepps nr. 130 26. apríl 1966.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. desember 1972.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

### um friðland í Svarfaðardal.

Samkvæmt heimild í 24. grein laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, hefur Náttúruverndarráð hinn 8. september 1972 ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa Svarfaðardalsá í Eyjafirði neðanverða, ásamt bökkum og óshólmum,

Um friðland þetta gilda eftirfarandi reglur:


1. Bannað er að breyta landslagi á svæðinu eða farvegi Svarfaðardalsár.
2. Óheimilt er að gera nokkur mannvirki á svæðinu. Gildir þetta um hvers konar byggingar, skurði og vegi. Girðingar á friðlandinu má aðeins reisa með samþykki náttúruverndarnefndar Eyjafjarðarsýslu. Skulu þær þannig gerðar, að þær hindri ekki umferð gangandi fólks um svæðið (hlið eða tröppur yfir girðinguna).
3. Friðlandið má aðeins nytja á sama hátt og tíðkapt hefur, svo sem til slægna, beitar og veiði í ánni. Malarnám og sandnám verði heimilað áfram, þar sem það nú fer fram, en verði háð eftirliti náttúruverndarnefndar sýslunnar.
4. Bannað er að granda fuglum á friðlandinu. Eigi má heldur skemma hreiður þeirra eða taka egg úr þeim. Öllum, sem um landið fara, ber að varast að skerða gróður á því.
5. Gangandi mönnum og riðandi er heimil umferð um friðlandið, enda brjóti dvöl þeirra á engan hátt í bága við tilgang friðlýsingarinnar. Stefnt skal að því að marka gönguleiðir um svæðið. Umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er því aðeins leyfð, að hún sé í tengslum við leyfilegar nytjar landsins.

Friðlandið takmarkast þannig:

**VESTURMÖRK:** Fremri takmörk friðlandsins eru landamerki Tjarnar annars vegar og Jarðbrúar og Grundar hins vegar. Niður að vestan allt til sjávar eru mörkin sem hér segir: Meðfram Húsabakka og Tjarnarbörðum að Lækjarklauf neðan Tjarnartúns. Þaðan norður og í gegnum allar Ingvaramýrar er stóri affallsskurður marklina allt að merkjum Helgafells. Gegnum Helgafellsland fylgir línun gömlum reiðgötum, sem liggja skammt vestan við ána í beygjuni. Frá merkjum Syðra-Holts fylgja mörkin línu, sem hugsast dregin skáhallt í suðurenda neðsta N-S skurðar neðan Ytra-Holts túns. Þaðan fylgir hún skurðinum allt að merkjum Hrafnstaða. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs og fylgir hún nú börðunum í gegnum Hrafnstaða- og Hrafnstaðakotsland allt upp að þjóðveginum milli nefndra bæja. Á stuttum kafla norður af Gultjörn er vegurinn markalínan. Frá Gultjörn fylgja mörkin hugsaðri skálínu, sem dregin er í punkt 10 m vestan við Árgerðisbrú. Norður með Árgerðistúni er markalínan í 10 m fjarlægð frá ánni, en síðan taka við börðin í gegnum gamla Böggvisstaðaland neðan við Ásgarð, en síðan vélgrafinn skurður neðan við þjóðveginn allt að beygju, sem á honum er neðan við Vegamót. Úr beygjuni eru mörkin eftir hugsaðri línu skáhallt norð-austur eftir Flæðunum í punkt 10 m neðan við Áburðargeymslu. Þaðan til sjávar yfir sandinn í stefnu á Hrólfssker.

**AUSTURMÖRK:** Skógarreiturrinn á Hánefsstöðum markar fremsta hluta friðlandsins að austanverðu, allt að merkjum Sökku (Ölduhryggjar). Þaðan í gegnum allt Sökkuland er þjóðvegurinn markalínan, en Skáldalækjarmelar þegar þeir taka við skammt norðan við landamerkin. Þegar melunum sleppir norðan Skáldalækjar er þjóðvegurinn aftur markalínan í gegnum land Hamars á örstuttum kafla, en síðan Hrísaland allt að vegamótum Skíðadals- og Ólafsfjarðarveggar. Hér verður vinkilbeygja á línunni til vesturs. Norðan vegarins fylgir hún girðingu, sem skilur tún og bithaga á Hrísum austan Hrísatjarnar þar til sú lína mætir melnum í Hríshöfða austan við norð-austurhorn tjarnarinnar. Frá þessum punkti eru mörk friðlandsins hugsuð skálína dregin í miðjan áróð Svarfaðardalsár við sjóinn.

Uppdráttur af mörkum friðlandsins fer hér á eftir:



Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni og birtist hún hér með með skirskotun til 26., 32. og 33. gr. laga nr. 47/1971, um náttúruvernd, og tekur friðlýsingin gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

*Í menntamálaráðuneytinu, 9. desember 1972.*

Magnús T. Ólafsson.

*Birgir Thorlacius.*